



ICELANDIC A1 – STANDARD LEVEL – PAPER 1
ISLANDAIS A1 – NIVEAU MOYEN – ÉPREUVE 1
ISLANDÉS A1 – NIVEL MEDIO – PRUEBA 1

Tuesday 3 May 2005 (morning)

Mardi 3 mai 2005 (matin)

Martes 3 de mayo de 2005 (mañana)

1 hour 30 minutes / 1 heure 30 minutes / 1 hora 30 minutos

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a commentary on one passage only. It is not compulsory for you to respond directly to the guiding questions provided. However, you may use them if you wish.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire sur un seul des passages. Le commentaire ne doit pas nécessairement répondre aux questions d'orientation fournies. Vous pouvez toutefois les utiliser si vous le désirez.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario sobre un solo fragmento. No es obligatorio responder directamente a las preguntas que se ofrecen a modo de guía. Sin embargo, puede usarlas si lo desea.

Fjallið einungis um **annan** af eftirfarandi textum. Þér ber ekki skylda til að svar spurningunum hér fyrir neðan. Það má hins vegar nota þær ef hentar:

1. (a)

- Hálfan veturinn vorum við í saumatímum sem voru eilíf uppspretta pirrings af því að ég þrjónaði skothelda trefla, lykkjurnar urðu sífellt minni og þéttari þar til sargaði í þrjónunum og beita þurfti miklu affli til að koma lykkjunum af einum þrjóni yfir á hinn. Eftir jólin tóku smíðatímarnir við af saumatímunum og ég andaði léttar. Við máttum ráða hvað við smíðuðum. Ég átti boga úr illa fengnu
- 5 plaströri, ryðgaðan dálk, þrjár túttubyssur og svissneskan vasahníf. Mig langaði í lásboga. Er það nú rétta leikfangið fyrir litla stúlku eins og þig? spurði smíðakennarinn, en mér var fyrirmunað að taka karlrembuna í honum alvarlega. Ég hélt helst að hann væri að gera góðlátlegt grín að forneskjulegu
- 10 útleti sínu, afsöguðum þumalfingri, stórgerðum andlitsdráttum og loðnum augabrúnum. Hann leit alls ekki út eins og karlremba. Karlrembur voru heimskar og ofbeidishneigðar. Smíðakennarinn minn var greindarlegur, mildur og hæglátur. Það verður að vera kraftmikill alvöru lásbogi, sagði
- ég og smíðakennarinn lét undan og teiknaði fyrir mig uppdrátt að lásboganum. Nokkrum vikum seinna var hann tilbúinn með örvum og öllu saman. Að vísu hafði smíðakennarinn sagað framan af þeim beittasta oddinn en ég gat bara tálgað þær til með svissneska vasahnífnum. Ég fór heim með
- 15 bogann og ætlaði að stæra mig svolítið af honum og vekja aðdáun móður minnar, en hætti við það því hún lá grátandi fram á eldhúsborðið. Hún sagðist ætla að skilja við fósturföður minn og að við myndum flytja í lítið þorp sem hét Kirkjubæjarklaustur. Ég vorkenndi henni auðvitað svolítið en ég vorkenndi sjálfri mér meira af því að fyrsta ástarsorgin nísti hjarta mitt. Hún var að skilja
- við einhvern af því að hún vildi það. Mér var gert að skilja við hjartfólginn fósturbróður af því að pabbi hans átti hann. Mamma átti bara mig og litlu systur mína. Mig langaði að drepa einhvern.
- 20 Litla systir var úti í garði. Ég skaut í áttina að henni með lásboganum en hitti auðvitað ekki, enda stóð það ekki til. Um leið var pabbi hennar kominn hálfur út um gluggann. Hvaðertaðgera? Ég sagði honum að ég hefði ekki ætlað að hitta og þar að auki væru örvarnar sama sem oddlausar. Hún hefði í mesta lagi fengið marblett hefði ég slystast til að hitta.

Guðrún Eva Mínervudóttir, *Albúm*, 2002

- Hvers konar samböndum er list í textanum?
- Skýrið hlutverk lásbogans í textanum?
- Hvers konar andrúmsloft er skapað í textanum?
- Hvert finnst þér vera þema textans?

1. (b)

Hin ókunna

Mér á að virðast
gata þín grýtt
og framundan víða
blásið og bert

- 5 sem er án vafa
satt! Og fólkið
kemur til þín
með klapp á öxlina,
vonir um velfarnað,
10 skraf um gæfu og gengi:
áður en lagt er upp –

og ann þér í raun . . .

- En einhvern veginn
finnst mér samt að þú sért
15 óþekkt, ein, og gangir
í þöglu, votu
þykkni af draumsóleyjum

án þess að vita
með vissu hvert,

- 20 heilluð, annars hugar,

og segir engri
sál þessa heims
hver þú ert.

Þorsteinn frá Hamri, *Meira en mynd og grunur*, 2002

- Hvers konar mannlýsing er í ljóðinu?
- Hvernig tengist titillinn efni ljóðsins?
- Hvers konar myndmál er notað í ljóðinu?
- Hvert finnst þér vera þema ljóðsins og sjónarhorn?